



Vorhátíð og umhverfishreinsun

- Föstudaginn 27.maí höldum við vorhátíð, hlaupum fyrir UNICEF og hreinsum umhverfi skólans.
- Við ætlum að byrja daginn á því að nemendur 1.-7. bekkjar hlaupa til góðs til styrktar UNICEF í Sýrlandi. Hlaupið fer fram á fótboltavellinum austan skóla frá 8-9.
- Því næst ætlum við að *hreinsa rusl umhverfis skólann og næsta nágrenni.*
- Svo ætlum við að leika okkur saman úti (reiknum með stórkostlegu veðri☺), spila kubb, fótbolta, leika með fallhlíf, kríta, hjólaprautir og fleira.
- Nemendur mega sem sagt koma með *hjól/hjólabretti/línuskauta ofl. Þess háttar* þennan dag en algjört skilyrði er að mæta þá einnig með hjálm og þar til gerðar hlífar.
- Allir nemendur fá grillaðar pylsur í hádeginu.

ATH. Það er ekki leyfilegt að hjóla í eða úr skóla nema í fylgd með foreldrum og á þeirra ábyrgð. Foreldrar þurfa að koma hjólum barna sinna í skólann og heim.

Þennan dag er skólinn, eins og alltaf, opinn öllum sem vilja taka þátt og gleðjast með okkur í vöggleði☺

Vorkveðja frá nemendum og starfsfólki Árskógarskóla